

## Vinnuskóli - Vinnuskipulag sumarið 2026

Skráning í Vinnuskólann sumarið 2026 opnar þriðjudaginn 28. apríl kl. 8.00 og lýkur föstudaginn 8. maí kl. 16.00. Skráning fer fram í gegnum Abler.

Vinnuskóli Vestmannaeyjabæjar er starfræktur yfir sumarmánuðina. Öll ungmenni fædd 2010-2013 með lögheimili í Vestmannaeyjum geta sótt um í Vinnuskólanum. Misjafnt er hversu langt tímabil hver árgangur fær, frekari upplýsingar um það eru hér fyrir neðan.

Unglingum er skipt í hópa og hefur hver hópur sinn flokkstjóra. Reynt er að hafa verkefnin sem fjölbreyttust en sem fyrr eru garðyrkjustörf og almenn umhirða bæjarfélagsins langstærsti þátturinn í vinnuskólanum.

Hægt er að óska eftir því að starfa hjá Kirkjugerði, Sóla, Víkinni og Sumarfjöri (frístund) ef áhugi er á að vinna með börnum. Takmarkaður fjöldi kemst að í þau verkefni og verður þeim störfum úthlutað eftir að umsóknarfresti lýkur. Eldri árgangar ganga fyrir í þessi störf.

Ráðningar í störf hjá ÍBV og GV fara beint í gegnum félögin.

Sumarið 2026 verður sett upp í 10 tímabil (eina viku í senn). Ekki verður hægt að færa daga/klst á milli tímabila.

### Tímabil hjá börnum fædd 2010-2012:

- Tímabil 1: 10.-12. júní
- Tímabil 2: 15.-19. júní
- Tímabil 3: 22.-26. júní
- Tímabil 4: 29. júní - 3. júlí
- Tímabil 5: 6.-10. júlí
- Tímabil 6: 13.-17. júlí
- Tímabil 7: 20.-24. júlí
- Tímabil 8: 27.-30. júlí
- Tímabil 9: 4.-7. ágúst
- Tímabil 10: 10.-14. ágúst

Unnið er frá kl. 8.30-11.30 og 12.30-15.30 (6 klst) mánudaga til föstudaga, hádegishlé er frá 11.30-12.30

### **Börn fædd árið 2010**

Geta valið allt að **7 tímabil** og laun eru greidd skv. kjarasamningi sem er 1.592 kr á klst

- Þau sem hafa náð 16 ára aldri þurfa að gefa upplýsingar um nýtingu á persónuafslætti.

### **Börn fædd árið 2011**

Geta valið allt að **6 tímabil** og laun eru greidd skv. kjarasamningi sem er 1.274 kr á klst

### **Börn fædd árið 2012**

Geta valið allt að **5 tímabil** og laun eru greidd skv. kjarasamningi sem er 1.114 kr á klst

---

### **Tímabil hjá börnum fædd 2013:**

- Tímabil 1: 13.-17. júlí
- Tímabil 2: 20.-24. Júlí
- Tímabil 3: 27.-30. Júlí
- Tímabil 4: 4.-7. ágúst
- Tímabil 5: 10.-14. ágúst

Unnið er frá kl. 8.30-11.30 eða 12.30-15.30 (3 klst) mánudaga til föstudaga

### **Börn fædd árið 2013**

Geta valið öll **5 tímabilin** og eru laun greidd skv. kjarasamningi sem er 955 kr á klst.

Laun eru greidd fyrsta virka dag hvers mánaðar og eru lögð inn á bankareikning einstaklingsins (ekki er hægt að setja bankareikning foreldris/forráðamanns).

Launatímabilið er frá 26. hvers mánaðar til 25. þess næsta.

Markmið vinnuskólans er að undirbúa ungmenni í vinnu áður en haldið er út á hinn almenna vinnumarkað. Vinnuskólinn er þó ekki einungis vinna heldur er einhver tilbreyting innifalinn í skólanum.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast í síma 488-2000 eða á netfanginu [sumarstorf@vestmannaeyjar.is](mailto:sumarstorf@vestmannaeyjar.is)

---

English version

### **Summer Work (Vinnuskóli) – work schedule summer 2026**

Registration for Vestmannaeyjar summer work opens on Tuesday, April 28<sup>th</sup> at 8:00 and closes on Friday, May 8<sup>th</sup> at 16:00. Registration goes through Abler.

Summer work in Vestmannaeyjar takes place during the summer months. All teenagers born between 2010 and 2013 with permanent residence in Vestmannaeyjar have the right to participate in summer work.

It's different how long the period they can work, it depends on the year they are born (more information about that below). They will be divided into groups, and each group has its own supervisor.

It is planned that the work would be as diverse as possible, however we mainly deal with gardening and general care of the town.

It's possible to request to work at kindergarten (Kirkjugerði, Sóli and Víkin) and Sumarfjör for those interested in working with children. A limited number of teenagers can work there, and positions will be allocated after the application deadline. Those who are older will be given priority.

## **Summer 2026 will be set up in 10 periods**

The period for teenagers born 2010-2012

- Period 1: 10.-12. June
- Period 2: 15.-19. June
- Period 3: 22.-26. June
- Period 4: 29. June-3. July
- Period 5: 6.-10. July
- Period 6: 13.-17. July
- Period 7: 20.-24. July
- Period 8: 27.-30. July
- Period 9: 4.-7. August
- Period 10: 10.-14. August

Working hours are **8:30–11:30 and 12:30–15:30** (6 hours per day), Monday to Friday.

Lunch break is from **11:30–12:30**.

### **Children born in 2010**

Can choose up to **7 periods**

Salary is according to the wage agreement: 1,592 kr. per hour

- Those who have reached the age of 16 must provide information on their use of the personal tax credit

### **Children born in 2011**

Can choose up to **6 periods**

Salary is according to the wage agreement: 1.274 kr. Per hour

### **Children born in 2012**

Can choose up to **5 periods**

Salary is according to the wage agreement: 1.114 kr. Per hour

---

### **Periods for Children Born in 2013**

- **Period 1:** July 13–17
- **Period 2:** July 20–24
- **Period 3:** July 27–30
- **Period 4:** August 4–7
- **Period 5:** August 10–14

Working hours are 8:30–11:30 **or** 12:30–15:30 (3 hours per day), Monday to Friday.

### **Children Born in 2013**

Can select **all 5 periods**

- Salary is according to the wage agreement: 955 kr. Per hour.

### **Payment Information**

Salary is paid on the first working day of each month and is deposited into the participant's own bank account (a parent's or guardian's account cannot be used). The pay period runs from the 26th of each month to the 25th of the following month.

### **Purpose of the summer work**

The aim of summer work is to prepare young people for employment before entering the general labor market. Summer work is not only about work; some variety and recreational elements are also included in the program.

## **Further Information**

For further information, please contact +354 488-2000 or email [sumarstorf@vestmannaeyjar.is](mailto:sumarstorf@vestmannaeyjar.is).